

Snorri Sturluson leikrit

Hópur 1

Persónur: Sturla, Guðný, Ljós móðir, Sighvatur, Þórður.

Sögumenn

Sögumaður:

Árið er 1179. Drengur var að fæðast á bænum Hvammi í Dölum á vestanverðu Íslandi. Við vitum ekki hvaða árstími er en við skulum ímynda okkur að það sé snemma vors, kannski mars eins og núna.

Ljós móðir reynir að vekja Sturlu Þórðarson sem sefur fast.

Ljós móðirin: Sturla, Sturla (bakar)

Sturla : Hvað á þessi fyrirgangur eiginlega að þýða? *Talar hátt*

Ljós móðirin: Það er fæddur drengur

Sturla: HVAÐ VARSTU AÐ SEGJA? *Talar hátt*

Ljós móðirin: Nú verðurðu hissa, það var ekki stúlka eins og þú hafðir spáð heldur drengur. Feitur og pattaralegur.

Sturla: Hvað er þetta, eins og ég hafi ekki vitað að það yrði annað hvort drengur eða stúlka!



Guðný: Ég held að hann verði skáld þessi. Sérðu hvernig hann sperrir upp augun við kveðskapinn.

Sturla : Hér er Snorri lifandi kominn. Snorri skaltu heita. Velkominn í heiminn Snorri goði.

Sögumaður:

Bræður Snorra komu að rúminu til að skoða nýja fjölskyldumeðliminn. Þeim leist ekkert sérstaklega á þennan nýja bróður sinn og fannst hann frekar þrúttinn og grettinn. Þó fannst þeim ennþá verra að hann skyldi eiga að heita Snorri og vera kallaður goði.

Sighvatur: Hvað er karlinn eiginlega að meina? Á hann að verða aðalmaðurinn og taka við goðorðinu?

Þórður : Það getur ekki verið ég er eldri en þið báðir

Sighvatur : Það getur verið en þú ert bara alltof rólegur til að geta stjórnað. Ég er betri í það.

Guðný : Að heyra til ykkar. Aldrei getið þið verið eins og menn

Sögumaður:

Bræðurnir fóru fljótlega og Guðný hélt áfram að raula. Hún fór með vísu fyrir Snorra eftir einn frægasta forföður sinn, Egil Skallagrímsson og má því segja að Snorri hafi drukkið skáldskapinn í sig með móðurmjólkinni.

Hópur 2

Persónur: Sturla, Páll, Þorbjörg, Jón Loftsson, Böðvar, Snorri

Sögumenn

Sögumaður: Sturla í Hvammi var mikill ákafamaður og gaf aldrei neitt eftir hann átti sífellt í deilum og stríði, oftast við nágranna sína. Hann var slægur og klókur og beitti til skiptis hörku og tungumýkt.

Sögumaður: Um það leyti sem Snorri var þriggja ára stóð gamli maðurinn í svokölluðu Deildartungumáli ásamt Böðvari móðurafa Snorra.

Böðvar: Eigum við ekki að koma okkur að efninu?

Sturla: Já mér skilst að þið haldið að þið eigið þessa landsspildu?

Páll: Já Jón í Koti var búinn að lýsa því yfir að um leið og hann væri allur yrði þessi spilda mín, enda liggur hún að okkar löndum.

Sturla: Hann kallaði nú reyndar á mig undir það síðasta og lofaði mér landinu.

Þorbjörg: Þetta er helber lygi, það vita það allir að við Jón áttum að fá þessa spildu.

Sturla: Hvað er þetta Páll, getur þú ekki hamið konu þína?

Böðvar: Já hvað ert þú að skipa þér af, þetta er alvöru mál.



Þorbjörg: Þú ert bara að reyna að sölsa undir þið allt land sem þú getur, þér virðist vera sama hvernig það er gert.

Sturla: Stilltu þig kelling

Þorbjörg: Hafðu þetta (hún stigur hann) gera skal ég þig líkan þeim er þú vilt helst líkjast það er að segja Óðni.

Sögumaður: Það kom sér vel að kerlingin var ekki hittin. Hún rétt skar í kinnina á Sturlu, sem kunni nú heldur betur að nýta sér aðstæður. Hann krafðist svo mikilla bóta, að öll auðæfi séra Páls, jarðeignir hans, búasmali og varningur hefðu ekki nægt til að greiða þá upphæð sem Sturla nefndi.

Sögumaður: Þá kom til sögunnar Jón Lofsson höfðingi í Odda.

Jón Lofsson: Já þetta er nú full mikið Sturla, hvað segir þú um að ég taki Snorra son þinn í fóstur og komi honum til manns.

Sturla: Ég veit ekki

Jón Lofsson: Í Odda eru lærðir menn og strákurinn er þegar orðinn hneigður til bóka.

Sturla: Já það er rétt hjá þér, það er líklega best. Ég læt sækja drenginn.



Sögumaður:

Það var tekið vel á móti þeim feðgum þegar þeir komu í Odda. Dagarnir liðu í dýrlegum fagnaði og allt var þeim til heiðurs. Á fimmta degi var kominn tími til að kveðja.

Sturla:

Hér hefur okkur verið mikill sómi sýndur, sonu sæll. Mundu að sýna öllum hér að Sturlungar séu verðugir þess sóma.

Snorri: bless pabbi.

Sögumaður: Snorri var fljótur að venjast lífinu í Odda. Hann varð fljótt alllæs og skrifandi. Snorri lá í öllu lesefni sem hann komst yfir, sérstaklega fannst honum mikilvægt að læra sögu Noregskonunga.

Hópur 3

Sögumenn, Snorri, Herdís og Guðný

Sögumaður: Hér er komið bréf frá prestinum Bersa á Borg á Mýrum.

Snorri: (les bréf)

Kæri Snorri

Þakka þér bréfið frá því í fyrri viku. Mér líst vel á ef þú bíður Hvammslandið á móti því að þú fái hana Herdís mína. Eitthvað verður þú að leggja á móti. Hún Herdís dóttir mín er ríkasta kvonfang landsins. En þar sem henni líst á þig og Hvammslandið kemur með þá hef þeg ákveðið að af þessu geti orðið. Hvað segir þú um brúðkaup að Hvammi í sumar?

Sögumaður: Snorri og Herdís giftu árið 1199, en þá var Snorri 20 ára gamall. Árið 1215 var hann kjörinn lögsögumaður aðeins 35 ára gamall.

Sögumaður: Hjónabandið gekk framan af nokkuð vel hjá þeim skötu hjúum. Þau eignuðust tvö börn, Hallbera og Jón. En samkomulagið milli Herdísar og Guðnýjar móður Snorra gekk hörmulega.

Herdís: Ég krefst þess að fá að ráða hér öllu innan stökk, ég á að vera aðalhúsfreyjan á staðnum.

Guðný: Ég held nú ekki ég hef stjórnað hér ein í tuttugu ár og ætla að halda því áfram. Þú mátt ráða innan rúmstökkinn hjá þér sjálfri.

Sögumaður: Hjónabandið endaði með skilnaði en Snorri átti 3 börn til viðbótar



Hallberu og Jóni. Þau hétu Ingibjörg, Þórdís og Órækja.

Sögumaður: Snorri hóf nú undirbúning að fyrstu utanlandsferð sinni með því að senda kvæði til Noregs sem hann hafði ort til voldugs jarls sem hét Hákon Fólkviðarson. Kvæðið sló í gegn og var Snorra boðið að koma til Noregs.

Snorri: Þar sem Norðmenn eru afskaplega reiðir Íslendingum einkum Oddverjum þá lofa ég því að norskir kaupmenn fái að versla í friði á Íslandi.

Hópur 4

Persónur: 2 sögumenn

Sögumaður:

Snorri hélt áfram að efla veldi sitt eftir að heim var komið. Hann gifti dætur sínar höfðingjum og vænlegum höfðingjaefnum. Hjónabönd sem stofnuð voru af hagkvæmisástæðum eru yfirleitt ekki farsæl.

Sögumaður:

Skilnaður leiðir af sér ósættir. Smátt og smátt urðu ættirnar meira og minna tengdar þannig að það hætti að skipta máli fyrir friðinn.

Hópur 5

Persónur; Sturla; 2 morðingjar, Hjalti og Gissur sögumenn

Sögumaður:

Hákon Noregskonungur og Skúli jarl höfðu gert margar tilraunir til að ná Íslandi undir sig og var Snorri Sturluson einn af þeim sem átti það að reyna.

Bróðursonur Snorra, Sturla Sighvatsson, hélt út til Noregs aðeins örfáum árum eftir dvöl Snorra þar og var hann gerður að hirðmanni konungs. Konungur fékk Sturlu til að reyna að koma Íslandi undir Noreg og Sturla tók hann á orðinu og gekk vasklega til verks í þeim efnum þegar hann sneri aftur heim. Sighvatur faðir Sturlu og bróðir Snorra aðstoðaði son sinn og byrjuðu þeir á að fara í Borgarfjörð og leggja hann undir sig. Áður en þeir komu þangað tókst Snorra að flýja þar sem hann vildi síður lenda í átökum við bróður sinn.

Sögumaður:

Herferð Sturlu hélt áfram og fljótlega nálgadist hann suðurland en höfðinginn þar var Gissur Þorvaldsson. Sturla sendi Gissuri skilaboð þar sem hann bað hann um að hitta sig við Apavatn

Sturla: Handtakið hann.

Lofar þú að sverja hollustu við mig. Gissur Þorvaldsson.

Gissur: já ég lofa.

Sturla: Síðan átt þú að hverfa úr landi á fund við Hákon Noregskonung. Er það skilið!



Sögumaður: Gissur var ekki ánægður með þetta enda voru svona eiðar oft kallaðir nauðungaeiðar. Slíka eiða töldu menn oft að þeir þyrftu ekki að halda og ákvað Gissur að svo skyldi vera með sig. Gissur var verulega ósáttur og leitaði að bandamönnum til að vinna á þeim feðgum Sturlu og Sighvati.

Sögumaður: Hann fékk aðstoð frá Kolbeini unga en hann var forsprakki Ásbirninga. Kolbeinn ungi átti ríki í Skagafirði og gat því átt von á feðgunum hvenær sem var svo það var vissara að vera undirbúinn.

Sögumaður: Áður en Örlygsstaðabardagi átti sér stað hafði marga dreymt fyrir atburðinum með margvíslegum hætti og margir trúðu á slíkar draumfarir. Sumir sáu mikinn mannskaða og töldu jafnvel fljótlega yrði annar bardagi að þessum loknum.

5 menn úr liði Sturlu (koma hlaupandi á sviðið)

Maður úr liði Sturlu (Kallar hátt til Sturlu) Eigum við ekki aðhlaupa að þeim meðan þeir stíga af baki?

Sturla: Nei, alls ekki hér skulum við bíða.

5. menn Gissurar: (Köstuðu grjóti í sífellu að liði Sturlu)

Sturla: Ertu þar enn, fjandinn?

Morðingi 1: Hvar væri hans meiri von?

Morðingi 2: (Stóð upp og lagði spjót í hægri kinn Sturlu og stoppaði í beini



hans)

Sturla: Og nú vinna smádjöflar á mér.

Gissur: Hér skal ég að vinna

Sögumaður: Bardaganum lauk með því að þeir feðgar voru báðir drepnir og segir frá því í Sturlungasögu en sagan segir að hún sé eftir mann sem tók þátt í bardaganum! Í þessum bardaga féllu alls 56 menn eða 49 úr liði Sturlu og Sighvatar en aðeins 7 úr liði Gissurar og Kolbeins. Svona lauk þá tilraun Sturlu Sighvatssonar við að reyna að koma Íslandi undir Noregskonung.

Hópur 6

Persónur : Snorri, Gissur, Arnbjörn prestur og Símon Knútur.

og sögumenn

Sögumaður: Þegar Snorri frétti að Sighvatur bróðir hans hefði fallið í Örlygsstaðabardaga ásamt Sturlu varð hann afar sorgmæddur og þótti þessar fréttir vægast sagt leiðinlegar. Mest af öllu vildi hann komast sem fyrst til Íslands. Hins vegar ríkti svokallað farbann í Noregi svo Snorri mátti ekki yfirgefa landið. En Snorri hefur sennilega verið ákveðin í skapi, eins og er líklegt að Sturlungar hafa verið, og hunsaði algjörlega bann konungs og yfirgaf Noreg. Nokkru síðar varð uppreisnin í Noregi en Skúla mistókst að steypa konungi af stóli og féll í uppreisninni. Þessar fréttir voru síður en svo góðar fyrir Snorra þar sem konungur gat haldið að hann væri að reyna að vinna gegn honum á Íslandi. Hákon konungur tók því til þess ráðs að skrifa hirðmanni sínum á Íslandi, Gissuri Þorvaldssyni.

Sögumaður

Í bréfi þessu lýsir Hákon, Snorra sem landráðamanni og svikara við sig vegna stuðnings Snorra við uppreisn Skúla. Hákon konungur fyrirskipaði Gissuri að ráðast að Snorra og koma honum annað hvort úr landi eða drepa hann. Þessu boði hlýddi Gissur og fór hann með sjötíu manna lið að Reykholti um nótt og kom Snorra algerlega að óvörum.

Gissur (*Kemur ásamt fylgdarliði í Reykholt um miðja nótt og brýtur upp skemmuna sem Snorri sefur í*)



Snorri (*Verður var við mannaferðir og hleypur úr skemmuni í annað hús sem er við skemmuna þar finnur hann Arnbjörn prest og talar við hann*). Hvar á ég að fela mig?

Arnbjörn: Farðu ofan í kjallara, ég skal tefja fyrir þeim og segja að ég viti ekki neitt, þá halda þeir að þú sért flúinn.

Gissur: Hvar er Snorri?

Arnbjörn: Ég veit það ekki.

Gissur: Það var leitt, ég sem ætlaði að sættast við hann, en það er náttúrulega ekki hægt ef hann er ekki hérna!

Arnbjörn: Það má hugsanlega finna hann ef honum er lofað griðum.

Gissur: Nú þá hlýtur hann að vera hér einhvers staðar nálægt
Leitið af ykkur allan grun, Snorri ætti að finnast fljótlega.

Fylgdarmenn: Snorri er fundinn í kjallara hússins.

Gissur: Símon knútur og Árni beiski, farið ofan í kjallarann og vinnið ykkar verk.

Símon knútur: Sækið Snorra (*tveir menn fara og sækja Snorra*)

Símon knútur: Nú skaltu höggva Snorra.



Snorri: Eigi skal höggva.

Símon: Höggðu maður.

Snorri: Eigi skal höggva.

Árni: Reiðir upp exina og heggur henni af alefli í höfuð Snorra og veitir honum banasár

Sögumaður

Hvort sem við getum sagt að Snorri hafi verið drepinn með svikum eða ekki hafa Íslendingar löngum verið reiðir við Gissur Þorvaldsson fyrir það að láta drepa hann. Því veldur kannski að Snorri var frábær rithöfundur og menn hafa jafnvel ímyndað sér að hann hefði skrifað enn fleiri góðar bækur ef hann hefði lifað lengur.